

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

24. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS KJÖRTÍMABILÍÐ 2022-2026

Árið 2024, föstudaginn 9. ágúst kl. 8:30, var haldinn 24. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Aníta Björk Pálínudóttir, Jónas Ólafur Skúlason, Eiríkur Valgeir Scott, Dagbjört Hjaltadóttir og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen ritaði fundargerð.

Oddviti, Jónas Ólafur Skúlason, bauð fundinum að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 24. fund

Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.

Sveitarstjórn leggur til að farið verði í að skipuleggja torg á blettinum innan til við leikskólann.

Sveitarstjórn leggur til að farið verði yfir skipulag á íbúafundi í haust 2024.

Sveitarstjórn leggur til að fund með umsækjanda fyrir næsta reglulega fund sveitarstjórnar vegna reksturs verslunar.

2. Framkvæmdir við Langeyri

Ljóst er að miðað við upphaflega beiðni um 32000 m² landfyllingu og breyttar forsendur er þörf fyrir stærra fyllingarsvæði sem nær 38000 m² og ljóst að lengja þarf garðinn sem því nemur til suðurs. Vísað er til deiliskipulagsbreytingar frá 2022 fyrir iðnaðarsvæðið.

Eftirfylgni er vísað til skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar.


3. Erindi til kynningar/umsagnar

Fundargerð 950. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerðin kynnt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 10:45


Bragi Þór Thoroddsen


Aníta Björk Pálínudóttir


Eiríkur Valgeir Scott


Dagbjört Hjaltadóttir


Jónas Ólafur Skúlason